

16. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 1863.
valdanna á Íslandi, um árgjald af brauðum til 28. febrúarm.
styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.

Eptir að málefnið um árgjald af brauðum á Íslandi til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna þar, og um löggilding brauðamats þess, er til búið var árið 1853, um hreinar tekjur af brauðum þessum, hafði verið lagt fyrir synódus í Reykjavík árin 1860 og 1861 og nefnd nokkur, er synódus hafði skipað í málið hið fyrra árið, hafði sagt um það álit sitt, hafði þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, sent hingað álitsskjal þetta, ásamt eptirriti af gjörðabók synódusar 1861, þar sem skýrt er frá umræðunum um málið á synódus það ár; og um leið og þær á ný hafði lýst yfir álitum yðar um málið, hafði þær í bréfi 4. októberm. f. á. gjört þær uppástungur, er nú skal greina:

1. að brauðamatsgjörðin frá 1853 með þeim breytingum, er synódus hefir fallið á, verði hèreptir lögð til grundvallar fyrir upphæð árgjalds þess, er greiða ber af brauðunum, þó með því skilyrði, að stiptsyfirvöldunum verði gjört að skyldu að bera málið fyrst undir álit synódusar og síðan undir stjórnina, þegar svo ber við, að eitthvert brauð vesnar til muna, til þess að því þá verði skipað í réttan flokk;
2. að farið verði að á sama hátt og að undanfögnu um eptirlaun uppgjafapresta af brauðinu, og einnig um eptirlaun prestaekkna af brauðinu, þó með þeim mismun, að eptirmaðurinn skuli borga þann hluta af hinum föstu tekjum, sem uppgjafaprestum og prestaekkjum ber, eptir hvers árs verðlagsskrá, að því leyti sem gjaldið eigi er greitt í landaurum, og fái ekkjurnar $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{10}$ og $\frac{1}{12}$ hluta af tekjum brauðanna, eptir því í hverjum flokki brauðið er;
3. að hvorki ágóðinn af prestssetrinu eður þeirri jörð, sem presti er fengin til ábúðar, nè heldur borgun fyrir prestsverk (ministerialia) skuli meðtalid, þá er ákveða skal eptirlaun presta og prestaekkna af brauðinu.

1863.

28. febrúarm. 4. að því, sem fæst af brauðunum með því árgjaldi, sem hér er stungið upp á, skuli skipt í tvo jafna hluta til styrks handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

Um þetta efni skal nú stjórnarráðið fara nokkrum orðum:

Svo sem þegar er vikið á í bréfi stjórnarráðsins 14. októberm. 1859, er ekki frá stjórnarráðsins hálfu neitt því til fyrirstöðu, að brauðamatsgjörðin frá 1853 verði lögð fyrir konung til staðfestingar, þegar búið er að leiðrétta hana samkvæmt uppástungum frá synóðus, er þær, herra stiptamtmaður, og þær háæruverðugi herra, hafið fallizt á, og einnig bæta inn í hana því, er vantaði; eigi er heldur neitt því til fyrirstöðu, að reiknað sé eptir brauðamatsgjörð þessari árgjald af brauðunum til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna samkvæmt uppástungu yðar, er byggð var á álitu synóðusar. Þó er aðgætandi, að í þessu efni er í bréfi yðar vikið á takmörkun, sem eigi er tekin fram í uppástungunni, en það er sú, „að árgjaldið, svo sem ákveðið sé í eldri lagaákvörðunum, skuli eigi greitt af neinu brauði, þar sem nokkur er í brauðinu, er eptirlauna nýtur;" er þetta að því leyti, er ekkjurnar snertir, byggt á ákvörðunum í konungsbréfi 5. júním. 1750, 7. grein, en þar á móti er það, að því er snertir uppgjafaprestana, ekki nefnt í konungsbréfunum frá 14. febrúar 1705, sem hafa reglurnar um gjaldið til þeirra. Ef því þessi takmörkun á að eiga sér stað framvegis, verður að álíta réttast að ákveða slíkt með berum orðum.

Enn fremur virðist stjórnarráðinu ekkert athugavert við, að brauðunum, svo sem uppá er stungið, sé skipt í flokka á þenna hátt: *a.* aðalbrauð (700 rd. og þar framyfir), *b.* betri meðalbrauð (500—700 rd.), *c.* meðalbrauð (350—500 rd.) og *d.* fátæk brauð (minni en 350 rd.); eigi virðist heldur vera neitt móti uppástungu þeirri, sem gjörð er í sambandi við þessa skipting, að hans hátign konungurinn aðeins veiti þau brauð, sem heyra til 1. flokki (en í honum eru nú 8 brauð, þaræð bæta verður Garða brauði í Gullbringu sýslu við hin 7 brauðin, sem talin eru til þessa flokks í bréfi stiptsyfirvaldanna, þar sem tekjur þess brauðs eru 701 rd. 59 sk. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853); að stiptsyfirvöldin þar á móti veiti

brauðin í 2. og 3. flokki, en á eptir skuli fengin staðfesting 1863.
konungs upp á veitinguna og brauðin í 4. flokki veiti stipts- 28. febrúarm.
yfirvöldin án slíkrar staðfestingar. Þó er ef til vill hagfelldara
að skipta brauðunum aðeins í þrjá flokka, þannig: 1. aðal-
brauð, 2. meðalbrauð og 3. fátæk brauð, og skipta aptur öðrum
flokki í tvær deildir, og ætti þá að vera í hinni fyrri deildinni
brauð með 500—700 rdl. tekjum, en í hinni síðari brauð
með 350—500 rdl. tekjum.

Hvað snertir eptirlaun prestanna, þá eru þau nú reyndar
nokkuð af handa hófi, með því þau eru ákveðin eptir álitum;
en þareð þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra,
hafið lýst yfir því álit, að aðferð sú, sem nú er við höfð í
þessu efni, eigi vel við á Íslandi, þá þykir stjórnarráðinu ekki
vera ástæða til nú sem stendur að stinga upp á breyting á
þessu; samt sem áður hefði stjórnarráðið æskt þess, að útvegað
hefði verið, svo sem tilefni var til eptir bréfi þess 14. októberm.
1859, álit synódusar um þetta atriði, sem er mikils umvarð-
andi fyrir prestastéttina á Íslandi.

Einnig virðist mega fallast á ákvarðanir þær, sem stipts-
yfirvöldin eptir tillögum synódusar hafa stungið upp á um
eptirlaun prestaekkna, og ber þess að geta, að svo er án efa
til ætlazt, að ákvarðanir þær, sem eru í konungsbréfi 5. júním.
1750 um ábúðarjarðir prestaekkna, standi óbreyttar. En það
virðist réttast, að ákvarðanir um þetta efni sé teknar í frum-
varpið um eptirlaun prestaekkna.

Þar sem þær nú, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi
herra, hafið látið í ljósi það álit, að skipa megi fyrir um öll
þau atriði, er þetta málefni snerta, sem umboðsleg málefni,
þá getur stjórnarráðið ekki fallið á þessa skoðun. Hvað þannig
árgjaldið af brauðunum snertir, þá er athugavert, að í
bréfi stiptsyfirvaldanna 19. febrúarm. 1859 er beina leið stungið
upp á, að árgjaldið eptir hinni nýju brauðamatsgjörfi skyldi
komast á smátt og smátt eptir því, sem brauðin losnuðu, og
sú skoðun kemur einnig fram í álit nefndar þeirrar um málið,
sem að ofan er getið um, að synódus hafi skipað árið 1860,
en þar á móti lúta áðurgreindar uppástungur yðar að því, að

1863. brauðamatsgjörðin frá 1853 skuli upp frá þessu lögð til 28. febrúarm. grundvallar fyrir árgjaldi því, er greiða ber af brauðunum m. m., og sýnist með því vera til ætlazt, að árgjaldinu sé jafnað á brauðin eptir hinni nýju brauðamatsgjörð upp frá þeim tíma, að sú brauðamatsgjörð hafi öðlazt konunglega staðfesting. Þetta virðist og vera ákjósanlegast, með því afar brýn nauðsyn ber til, að bætt verði kjör uppgjafapresta þeirra og prestaekkna, sem nú eru; en þetta mundi baka prestum þeim, sem nú eru í brauðunum, töluverð útgjöld, sem þeir að undanfögnu annaðhvort hafa að öllu leyti verið lausir við, eður að minnsta kosti hafa verið þeim miklu léttbærari, en slíkur byrðarauki verður eigi lagður þeim á herðar nema með lögum.

Um ákvarðanirnar um eptirlaun presta og prestaekkna, þá hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess, að þær framvegis verði byggðar á sama grundvelli, sem að undanfögnu; en að undanfögnu hafa eptirlaun presta verið ákveðin eptir reglunum í norsku lögum, 2. bók, 14. kap., 1. art., og prestaekkna eptir konungsbræfi 5. júním. 1750, á þann hátt, að lagt er til eptirlauna $\frac{1}{8}$ af tekjum aðalbrauða, $\frac{1}{10}$ af betri meðalbrauðum, og $\frac{1}{12}$ af meðalbrauðum; og að aðalatriðið sé aðeins að ákveða að eptirlaunin, reiknuð samkvæmt þessum frumreglum, verði borguð á rettari hátt og svo, að betur eigi við eptir því, sem ástatt er á þessum tímum; á þetta einkum við um prestaekkjurnar, er þeirra hluti af tekjunum nú verður greiddur þeim eptir hinni nýju brauðamatsgjörð eptir hvers árs verðlagsskrá, í stað þess, að hann að undanfögnu hefir verið greiddur þeim eptir hinni gömlu brauðamatsgjörð og með þeirri peningaupphæð, er svarað hefir til $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{10}$ og $\frac{1}{12}$ af tekjunum. Þér herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið því álitid óþarft að búa til, svo sem stjórnarráðið hafði boðið yður, nýjar ákvarðanir um eptirlaun, eður aðrar en þær, sem nú eru í gildi, með því farið verði eptir hinum eldri ákvörðunum, með þeim breytingum, er hafa hlotið að verða á með hinu nýja fyrirkomulagi, og hafið þér fyrir þá sök eigi borið þetta atriði undir álit synóðusar.

En stjórnarráðið getur eigi fallizt á þessa skoðun.

1863.

Stjórnarráðið getur ekki betur sæð, en að uppástunga yðar, 28. febrúarm. herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, um eptirlaun prestaekkna framvegis, hafi í för með sér svo verulega og yfirgripsmikla breyting á því, sem nú á sér stað, að henni ekki verði á komið og eigi beri að koma henni á nema löggjöfin eigi hlutdeild í því, smbr. tilsk. 31. maí 1855, 12. gr. Að vísu helzt eins og áður skipting brauðanna í aðalbrauð, betri meðalbrauð og meðalbrauð, en með þeim mismun, að aðalbrauðin, sem áður gátu verið 100 rdl. brauð, eru nú metin til 700 ríkisdala að minnsta kosti, betri meðalbrauð, sem áður voru frá 60—100 rdl., eru nú metin 500—700 rdl. og meðalbrauðin, sem áður voru 50—60 rdl., eiga nú að vera 350—500 rdl., þar sem þó prestaekkjum er ákveðinn sami hluti af tekjum, og hin breytingin, sem þær hafið stungið upp á, er nálega eins mikilsverð, en hún er sú, að eptirlaunin skuli borguð í skileyri eður með peningum eptir verðlagsskrá, í stað þess, að þau hafa áður verið borguð í peningum. Að því er snertir eptirlaun prestanna, þá verður breytingin minni, en þó því að eins, að eptirlaun þeirra hafi áður verið borguð þeim í skileyri, en um það vantar eindregna skýrslu.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, verður stjórnarráðið því að álíta, að skipa eigi fyrir með lögum um gjörvallt málefni þetta, sem hefir verulega og yfirgripsmikla þýðing fyrir prestastéttina á Íslandi, og ber að hafa í því lagaboði ekki aðeins ákvarðanir um eptirlaun presta og prestaekkna, heldur og um árgjald af brauðunum til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna; einnig ættu í því að vera reglur um, hvernig veita ætti brauðin, með því ákvarðanir þær, sem nú eru um það í konungsbréfi 10. maím. 1737, 29. janúarm. 1740 og 2. desemberm. 1791, verða að breytast þegar hin nýja brauðamatsgjörð fær gildi; skorar því stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, um að semja lagafrumvarp þess efnis, sem nú hefir sagt verið, og byggja það á áðurgreindum uppástungum yðar og athugasemdum þeim, er stjórnarráðið hefir við þær

1863. gjört, og að senda síðan lagafrumvarpið hingað, eptir að búið
28. febrúarm. er að bera það undir álit synóðusar.

Að endingu lætur stjórnarráðið hér með fylgja annað eptir-
ritið, er þér hingað senduð, af brauðamatsgjörðinni frá 1853,
til þess það verði aukið og lagað, og eruð þér beðnir að senda
það hingað aptur að því búnu.

28. febrúarm. **17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um lán til að setja upp girðing við
Orfirisey.**

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra stipt-
amtmaður, dagsettu 10. októberm. f. á., hefir Árni Thorsteins-
son, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, sótt um að fá að
láni úr ríkissjóði allt að 120 rdl. til að koma upp fyrir fê
þetta girðing, er geti verið til varnar á Orfirisey (*Effersey*),
sem landfógetanum er fengin til afnota, með þeim kjörum, að
skuldin hvíli á embættinu og gjaldist af henni 6 af hundraði á
ári í 28 ár samfleytt í vöxtu og borgun höfuðstólsins.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar
og til þess þér kunngjörð það, að lán það, sem hér er um sótt,
eigi getur fengizt úr ríkissjóðnum, en eptir atvikum málsins sê
ekkert því til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, að beiðandinn,
ef hann á einhvern annan hátt getur útvegað fê þetta, taki lán
upp á embættið í áður greindum tilgangi, og fari það eigi fram
yfir 120 rdl., með þeim skilmálum, að hann og eptirmenn hans
í embættinu greiði af því vöxtu og borgi höfuðstólinn á þann
hátt, sem fyr er sagt; og ber honum þá, þegar þar að kemur,
að gjöra grein fyrir, að fênu hafi verið rétt varið; svo á og
landfógetinn að vera skyldur að viðhalda girðingunni.